



# Umferðaröryggisáætlun

## Aðgerðaáætlun 2020

**Stjórnarráð Íslands**

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið



# Umferðaröryggisáætlun


- Umferðarslys eru þjóðinni dýrkeypt.
- Áætlaður árlegur samfélagslegur kostnaður er metinn 50-60 milljarðar
- Stefna um umferðaröryggi er sett í samgönguáætlun 2020-2034
- Stefnunni er fylgt eftir af aðgerðaáætlun þar sem settar eru fram aðgerðir sem hafa það markmið að auka öryggi vegfarenda
- Að umferðaröryggisáætlun standa
  - Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti
  - Samgöngustofa
  - Vegagerðin
  - Lögreglan

# Markmið umferðaröryggisáætlunar

Að vera meðal þeirra Evrópuþjóða sem búa við besta umferðaröryggi árið 2034 þ.e.:

- Að fjöldi látinna á hverja 100.000 íbúa þannig að Ísland sé í hópi þeirra þjóða þar sem 5 ára meðaltal lægst.
- Að látnum og alvarlega slösuðum fækki að jafnaði um 5% á ári til ársins 2034.

Látnir á hverja 100.000 íbúa  
Meðaltal árána 2014-2018



# Undirmarkmið umferðaröryggisáætlunar

1. Engin börn, 14 ára og yngri, látist í umferðinni.
2. Engin banaslys verði vegna vanrækslu á notkun öryggisbelta.
3. Alvarlegum slysum og banaslysum vegna ölvunar- og fíkniefnaaksturs fækki um 5%
4. Alvarlegum slysum og banaslysum með aðild ungra ökumanna fækki um 5%
5. Alvarlega slösuðum og látnum á bifhjóli fækki um 5%
6. Alvarlega slösuðum og látnum gangandi vegfarendum fækki um 5%
7. Alvarlega slösuðum og látnum hjólandi vegfarendum fækki um 5%
8. Alvarlega slösuðum og látnum erlendum ríkisborgurum fækki um 5%\*
  1. hópi ferðamanna sem og þeirra sem starfa á landinu
9. Alvarlegum slysum og banaslysum vegna útafaksturs fækki um 5%
10. Alvarlegum slysum og banaslysum vegna framanákeyrsla fækki um 5%



# Samgöngustofa

Samgöngustofa annast kynningar, fræðslu og forvarnir í þeim tilgangi að bæta hegðun og viðhorf í umferðinni og þar með umferðarmenningu og umferðaröryggi. Áherslur byggjast annars vegar við slysatölfræði og hins vegar á niðurstöðum rannsókna og kannana meðal almennings um hegðun í umferðinni. Helstu áherslupunktur Samgöngustofu eru:

- Fræðsla í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum, sem og framleiðsla og viðhald námsefnis.
- Herferðir fyrir almenning sem lúta að því að bæta hegðun í umferðinni t.d. hraðakstur, beltanotkun, snjallsímanotkun, ölvunarakstur og akstur undir áhrifum fíkniefna.
- Fræðsla til erlendra ökumanna, jafnt ferðamanna sem erlendra ríkisborgara búsettra hérlendis
- Fræðsla til almennings m.a. um breytingar á lögum og reglum ásamt öryggisatriðum almennt.
- Umferðaröryggisáætlanir sveitarfélaga og skóla
- Rannsóknir og kannanir m.a. á hegðun og viðhorfi í umferð sem og rannsóknir sem lúta að umferðaröryggi með öðrum hætti.
- Samstarf. Mjög mikilvægt er að allir aðilar, opinberir og einkaaðilar, sem hafa hagsmuna að gæta vinni saman að umferðaröryggi.





# Helstu aðgerðir Samgöngustofu 2020

Á árinu verður 75 m.kr varið til umferðaröryggismála m.a. til eftirfarandi verkefna:

1. Farsímanotkun undir stýri
  - Auglýsingar „Gerum ekki neitt“. Óhefðbundnar auglýsingar birtar á samfélagsmiðlum og kvikmyndahúsum
  - Útvarpsauglýsingar frá 2017, endurbirting
2. Átak gegn akstri undir áhrifum fíkniefna og annarra lyfja sem hafa áhrif á akstursgetu
  - Ný herferð birt á mörgum miðlum í einu (net, sjónvarp, blað, umhverfi)
3. Herferð sem undirstrikar mikilvægi beltanotkunar
  - Þessari herferð verður beint að öllum Íslendingum, þ.á.m. Íslendingum af erlendum upprun
4. Íslendingar af erlendum uppruna
  - Þýðing og dreifing á umferðaröryggisefni, með áherslu á pólsku og Pólverja.
5. Fræðsla í skólum
  - Samstarf með nokkrum sveitarfélögum um umferðarfræðsu í grunnskólum og þróun námsefnis
  - Framleiðsla á nýrri fræðslumynd fyrir framhaldsskóla

# Helstu aðgerðir Samgöngustofu 2020 frh.

6. Fræðslumyndir fyrir almenning.
  - Birting eldri mynda á RÚV og á netinu
  - Framleiðsla nýrra mynda; Létt bifhjól í flokki I, Ljósanotkun, Rafhlaupahjól
7. Erlendir ferðamenn
  - Samstarf við Safetravel – Elfis og annað fræðsluefni til erlendra ökumanna á vef
  - Birtingar auglýsinga og fræðslumynda á neti og samfélagsmiðlum
  - Samstarf við bílaleigur: Stýrispjöld með öryggisupplýsingum
  - Könnun á notkun fræðsluefnis í Leifsstöð
8. Umferðarþing og YOURS verkefni
  - Umferðarþing með áherslu á ungmenni í umferðinni
  - YOURS; ungt fólk er virkjað til þess að hvetja annað ungt fólk til góðrar hegðunar í umferð
9. Kannanir
  - Umferðarkönnun „roadsite“ þar sem skoðuð er notkun ljósa, farsíma, belta ofl.
  - Viðhorfskönnun; hegðun vegfarenda
10. Herferðir og málþing um umferðaröryggi sem og þátttaka í viðburðum
  - t.d. Hjólað í skólann, Hjólað í vinnuna og Göngum í skólann
11. Minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa





# Vegagerðin umferðaröryggisaðgerðir 2020

Vegagerðin vinnur að stöðugum endurbótum á samgöngukerfinu, stórum sem smáum t.d. með virkri umferðaröryggisstjórnun við hönnun-, byggingu og endurbætur á vegum og hjólastígum

Stærri umferðaröryggisaðgerðir eru fjármagnaðar sem stofnkostnaður á samgönguáætlun

- Aðgreining aksturstefna er gríðarlega mikilvæg öryggisaðgerð. Unnið er að breikkun vega og aðgreiningu aksturstefna á Reykjanesbraut milli Kaldárselsvegur og Krýsuvíkurvegamóta , auk þess sem stutt í að framkvæmdir hefjist við breikkun Hringvegur milli Skarhólabrautar og Langatanga í Mosfellsbæ, breikkun Hringvegur milli Bæjarháls og Nesbrautar og síðast en ekki síst næsta áfanga breikkunar Hringvegur milli Hveragerðis og Selfoss.
- Stöðugt er unnið að fækkun einbreiðra brúa með áherslu á Hringveginn
- Ákveðið hefur verið að gera hringtorg við Landvegamót.





# Verkefni umferðaröryggisáætlunar

Á árinu 2020 verður um 650 m.kr. varið til verkefna á umferðaröryggisáætlun sem fjármögnuð eru af viðhaldsfé Vegagerðar.

Helstu verkefnin eru:

- Greining slysaástaða og lagfæringar á þeim.
- Umferðaröryggisúttektir og lagfæringar í kjölfar þeirra, þ.m.t. að bæta umhverfi vega og/eða setja upp vegrið til að draga úr hættu á alvarlegum meiðslum við útafakstur.
- Rekstri sjálfvirks hraðaeftirlits, þ.m.t. sjálfvirkt meðalhraðaeftirlit, í samstarfi við lögreglu.
- Fjölgun hvíldar- og áningarstaða við þjóðvegi



# Meginþættir öryggisstjórnunar vegamannvirkja

Við hönnun nýrra vegamannvirkja er framkvæmt

- Umferðaröryggismat
- Umferðaröryggisrýni

Eldri vegamannvirki


- Röðun og lagfæring vegarkafla/ staða þar sem slys eru mörg eða slysatíðni\* há og umferðaröryggisaðgerðir skila mestum árangri
  - Byggir á gögnum um umferðarslys frá Samgöngustofu
  - Upplýsingarnar koma frá lögreglu og Aðstoð og öryggi
  - Samgöngustofa bætir við upplýsingum um tegund og orsök slyssins
- Umferðaröryggisúttekt vega í notkun

\*Athugið að fjöldi slysa á vegkafla er annar en slysatíðni sem reiknuð er á grundvelli umferðarmagns mældu í milljón ekinna km:

$$S = (F \times 1.000.000) / (\text{ÁDU} \times 365 \times L)$$

# Greining og framkvæmdir við slysastaði

- Útreiknuð slysatíðni á vegakerfinu nýtist til að bera saman öryggi einstakra vegarkafla en ekki til að finna einstaka slysastaði.
- Slysakort sýna staðsetningu slysa og alvarleika en taka þarf tillit til fjölda **slysa og slysatíðni** við forgangsröðun framkvæmda
- Dæmi um lagfæringar
  - bættar merkingar,
  - minni háttar breytingar á vegamótum,
  - lagfæringar á umhverfi vega og/eða uppsetningu vegriða.






## Umferðaröryggisaðgerðir 2020



Umferðardeild 2020



- Vestursvæði
- Suðursvæði
- Norðursvæði
- Austursvæði

# Helstu aðgerðir 2020: Lagfæringar á umhverfi vega og/eða uppsetning vegriða

- Hringvegur milli Skaftafells og Kirkjubæjarklausturs, lenging ræsa á mörgum stöðum
- Hringvegur við Kötlugarð, breikkun vegar við blindhæð og lagfæring fláa
- Hringvegur vestan Víkur, uppsetning vegriða
- Hringvegur milli Þjórsár og Selfoss, lenging ræsa og lagfæring fláa við ræsi
- Þingvallavegur um Mosfellsheiði, lagfæring umhverfis vegar, frh.
- Laugarvatnsvegur við Brekkulæk, uppsetning vegriðs
- Krýsuvíkurvegur milli Leiðarendavegar og Vatnsskarðs, lagfæring fláa
- Krýsuvíkurvegur við Kleifarvatn, uppsetning vegriðs, frh.
- Hringvegur austan Akrafjalls, lagfæringar á umhverfi vegar, frh.
- Hringvegur undir Hafnarfjalli, lagfæringar á umhverfi vegar



# Helstu aðgerðir 2020: Lagfæringar á umhverfi vega og/eða uppsetning vegriða II

- Hringvegur frá Hvítárvallavegi að Borgarfjarðarbraut, lagfæringar á umhverfi vegar, frh.
- Snæfellsnesvegur milli Búlandshöfða og Kirkjufells, lagfæringar á umhverfi vegar, frh.
- Snæfellsnesvegur milli Vatnaleiðar og Stykkishólmsvegar, lagfæringar á umhverfi vegar
- Vestfjarðavegur um Svínadal, uppsetning vegriða
- Djúpvegur vestan Bolungarvíkurganga, lagfæringar á umhverfi til að draga úr snjókófi við gangamunna
- Hringvegur Hrútafirði, lagfæringar á umhverfi vegar, frh. Lenging ræsa og lagfæring fláa.
- Hringvegur sunnan Blönduóss, lagfæringar á fláum við Öxl og við Stóru-Giljá
- Hringvegur um Langadal og Vatnsskarð, lagfæringar og uppsetning vegriða, frh.
- Drangsnæsvegur, uppsetning vegriðs
- Hringvegur um Blönduhlíð, fylling skurða



# Helstu aðgerðir 2020: Lagfæringar á umhverfi vega og/eða uppsetning vegriða III

- Hringvegur sunnan Vaðlaheiðarganga, uppsetning vegriðs
- Ólafsfjarðarvegur milli Hringvegar og Dalvíkur, lagfæringar á umhverfi vegar og uppsetning vegriða
- Upphéraðsvegur í grennd við Lagarfljót, uppsetning vegriða á tveimur stöðum
- Hringvegur um Fagradal, lenging ræsa, lagfæring á fláa og uppsetning vegriða, frh.
- Hringvegur austan í Kambaskriðum, uppsetning vegriða, frh.
- Hringvegur í Álftafirði, uppsetning vegriðs við tvö ræsi
- Hringvegur í grennd við Hvalnes, uppsetning vegriðs, 1. áfangi



# Lagfæring vegamóta


- Hringvegur við Reynishverfisveg, gerð hægri beygju fleygs
- Hringvegur við Skógaveg, gerð vinstri beygju vasa
- Hringvegur við Þórsmerkurveg, útfærsla nýrra vegamóta með klæðingu og máluðum eyjum
- Hringvegur við Urriðafossveg, gerð hjáreinar
- Grindavíkurvegur við tengingu að HS-orku, gerð hægri beygju fleygs
- Hringvegur við Hróarstunguveg, lagfæringar langhalla Hróarstunguvegar og umhverfis vegamótanna





# Bætt lýsing

- Vegamót Hringvegar og Norðfjarðarvegar vestan Reyðarfjarðar
- Vegamót Hringvegar og Vattarnesvegar í grennd við Fáskrúðsfjörð
- Skriðdals- og Breiðdalsvegur sunnan Egilsstaða, bætt lýsing, frh.
- Vegamót Norðfjarðarvegar og Mjóeyrarvegar
- Vegamót Norðfjarðarvegar og vegar að álveri Fjarðaáls
- Norðfjarðarvegur við Neskaupstað, bætt lýsing, frh.




# Búfjár- og reiðgöng

- Hringvegur undir Eyjafjöllum, milli Núps og Hvamms, gerð búfjarræsis
- Biskupstungnabraut við Myrkholt, gerð reiðganga



# Uppsetning blikkljósa við einbreiðar brýr:

- Borgarfjarðarbraut, 3 brýr
- Snæfellsnesvegur, 2 brýr
- Laxárdalsvegur, 1 brú
- Hálsasveitarvegur, 1 brú
- Norðausturvegur, 1 brú
- Eyjafjarðarbraut vestri, 3 brýr
- Hólsfjallavegur, 3 brýr



# Öryggisaðgerðir í þéttbýlisstöðum á landsbyggðinni

Markmið þessarar aðgerða er fyrst og fremst að auka öryggi gangandi vegfarenda

- Drangsnesvegur um Drangsnes, hraðahindrandi aðgerðir
- Ólafsfjarðarvegur um Dalvík, gangbraut með miðeyju, verkefni frá fyrra ári
- Kísilvegur við Heiðarbæ, aðskilnaður bílaplans frá vegi, þarna er félagsheimili og tjaldsvæði
- Mývatnssveitarvegur við Skútustaði, stýring gangandi umferðar
- Djúpavogsvegur, göngupverun og fl.





# Lögreglan

Markmið með umferðareftirliti lögreglu er að fækka alvarlegum umferðarslysum

Aðgerðir til að ná markmiðum umferðaröryggisáætlunar\* hjá lögreglu eru m.a.


- Auka frumkvæðislöggæslu og sýnilegt eftirlit
- Áframhaldandi rekstur og viðhald hraðamyndavéla og fjölga þeim.
- Koma á sjálfvirku meðalhraðaeftirliti á vegköflum þar sem slys eru tíð\*\*
- Lögreglan rekur einnig Bíltæknimiðstöð þar sem gerðar eru rannsóknir á ökutækjum eftir slys en ástand ökutækis er því miður í sumum tilfellum ástæða slyss.

\* Ath; aðgerðir lögreglu og rekstur sjálfvirks hraðaeftirlits hafa ekki sjálfstæða fjárveitingu

\*\* Rannsóknir sýna að meðalhraðaeftirlit fækkar alvarlega slösuðum og látnum um allt að 50%

# Umferðarlagabrot og löggæsla

- Umferðarlagabrotum hefur fjölgað mikið á síðustu árum
- Árið 2018 voru brotin um 78.000 og aldrei verið fleiri.
  - Á sama tíma jókst umferða á Hringvegi um 44% - mest erlendir ferðamenn
- Hraðakstursbrot sem hraðamyndavélar námu voru langstærsti hlutinn eða hátt í 46.000
- Aukin frumkvæðislöggæsla með hraðakstri, ölvunar -og vímuefnaakstri o.fl. nam um 32.000 brot.
- Hlutfallslega fjölgaði brotum aksturs undir áhrifum fíkniefna mest, um 110% frá árinu 2012 til 2018.



# Sjálfvirka umferðareftirlitið – hraðamyndavélar

- Sjálfvirka eftirlitið er samstarfsverkefni Lögreglu og Vegagerðar.
- Ekki hefur fengist fjárveiting til rekstrar, viðhalds né endurnýjunar myndavéla, né heldur uppsetningar nýrra mælistaða, þ.m.t. meðalhraðaeftirlits. Kerfið er því enn fjármagnað af viðhaldsfé Vegagerðar.

Meðal aðgerða eru í sjálfvirka hraðaeftirlitinu :

- Kaup og uppsetning rauðljósa- og hraðamyndavélar á Hringvegi um Akureyri í samráði við lögreglu.
- Hefðbundinn rekstur hraðamyndavélakerfisins, þ.m.t. kvörðun búnaðar.
- Framlag til úrvinnslu sekta

